

Fundargerð fundar stjórnar Almannaheilla

haldinn 7. janúar 2016 kl. 09:00 í Sigtúni 32

ATH: Mættir: Ketill Berg Magnússon formaður, Haukur Ingibergsson, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Haraldsdóttir og Steinunn Hrafnisdóttir aðalmenn og Bylgja Valtýsdóttir, Þóra Þórarinsdóttir og Þröstur Emilsson varamenn.

1. Fundarsetning

Ketill Berg Magnússon setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

2. Umsóknir um aðild

Ferli við meðferð og afgreiðslu umsókna er að mótast. Engar umsóknir liggja fyrir á þessum fundi en nokkrir aðilar hafa látið í ljósi áhuga.

Afgreiðsla stjórnar: Áhugasömum aðilum verður boðið á næsta fund stjórnar.

3. Breytingar á skattalögum

Breytingar erfðafjárskattur á gjöfum hefur verið felldur niður. Auk þess geta fyrirtæki fengið 0,75% af veltu frá og með áramótum 2015/2016 í stað 0,5% áður.

Afgreiðsla stjórnar: Stjórnin fagnar þessari mikilvægu breytingu á skattalögum og mun kynna aðildarfélögum þá nýju möguleika sem þessi breytir skapar, m.a. í tengslum við framgang frumvarps um almannaheillasamtök.

4. Frumvarp um almannaheillasamtök

Fulltrúar Almannaheilla munu eiga fund með iðnaðar- og viðskiptaráðherra nk. mánudag til að leggja áherslu á að frumvarp um almannaheillasamtök verði að lögum á þessu ári, enda er það óhjákvæmilegt m.a. vegna breytinga á skattalögum sbr. 3. dagskrárlið.

Afgreiðsla stjórnar: Lagt fram til upplýsingar.

5. Málefnaþópar

Málefnaþópar kynntu verkefnastöðu og framvindu verkefna sem undir þá heyra. Rætt um form starfs málefnaþópanna.

Afgreiðsla stjórnar: Starf hópanna kynnt og rætt um næstu skref.

5. Önnur mál

Rætt um lóðamál trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og samanburð við góðgerðafélög, skattamál og annað því tengt. Lagt til að Sambandi ísl. sveitarfélaga verði sent erindi og óskað eftir afstöðu til ívildana vegna skattamála s.s. fasteignaskatta.

Rætt um samskipti við aðildarfélög.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 10:40

Næsti fundur er á dagskrá 5.11. kl. 9-11 í Sigtúni 42

Haukur Ingibersson, ritari